

KÍGHÓSTI

MEÐGANGA, NÝBURAR, BÓLUSETNING

Bakterían *Bordetella pertussis* veldur kíghósta. Smitleiðin er dropasmit og meðgöngutími 7-14 dagar. Sýking veitir vörn í allt að 20 ár en bóluefnið, sem nú er notað, í allt að 10 ár.

Ung börn eru í mestri hættu á að veikjast alvarlega af kíghósta og varnaraðgerðir beinast fyrst og fremst að þeim, börnum á fyrsta aldursári, en bólusetning ungbarna hefst við 3 mánaða aldur.

Barnshafandi konur eru ekki í meiri hættu en aðrir á að veikjast alvarlega. Ekki er mælt með því sem stendur að bólusetja allar barnshafandi konur á Íslandi en ekkert mælir gegn bólusetningu á meðgöngu ef ástæða er til eða konan óskar eftir því. Það má bólusetja hvenær sem er á meðgöngu til að verja konuna.

Sé bólusetningin hins vegar ætluð til að veita barninu, sem hún gengur með, vernd þegar það fæðist, þá er mælt með að bólusetja eftir 20v og fyrir 36v með Boostrix®. Ekki er víst að barnið verði varið ef það fæðist innan viku frá bólusetningu.

Einkennalaus þunguð kona sem hefur komist í snertingu við kíghósta, og umgengst náið óbólusett börn, ætti skv. sóttvarnalækni að fá fyrirbyggjandi meðferð. Þunguð kona með líklegan eða staðfestan kíghósta, ætti að fá viðeigandi meðferð ef hún umgengst náið börn á fyrsta aldursári. Allt ofanskráð gildir einnig um konur með barn á brjósti.

Meðferð á meðgöngu og í brjóstgjöf: Azithromycin. Sjá nánar vef Embættis landlæknis.

Einnig er góð lesning á: www.infpreg.se